

---

# FUNDUR SAMTAKA HEILSULEIKSKÓLA

---

27.06.2017

Mættir: Þóra Sigrún, Sigrún Hulda, Oddný Þóra, Berglind og Erla Stefanía. Bergljót Sif fjarverandi.

- Starfsáætlun – Þóra Sigrún ætlar að útbúa starfsáætlun stjórnar út frá fundargerð.
  - Rafræn heilsubók- Verið er að leita tilboða í rafræna Heilsubók. Ekki er hægt að tímasetja verkefnið en verið er að vinna að þessu. Ákvörðun frá aðalfundi rædd og hópurinn um rafræna Heilsubók fundar fljótlega og fer yfir valmöguleika.
  - Endurskoðuð heilsubók- teymið sem heldur utan um rafræna Heilsubókina er búin að uppfæra Heilsubók barnsins og hafa breytingartillögur frá heilsuleikskólum verið teknar til athugunar og færðar inn. Nefndin á eftir að hittast og samlesa kennarahandbókina og laga hana í takt við heilsubókina.
  - Gátlistar- Stjórnin hvetur Heilsuleikskóla til að leggja fyrir gátlista og meta stöðu skólanna sinna að minnsta kosti annað hvert ár.
  - Námskeið- verið er að skoða að halda námskeið fyrir norðan í skráningum í Heilsubók barnsins og einnig um næringarstefnu og matseðla heilsuleikskóla. Þeir sem eru í Samtökunum eru beðnir um að leita til stjórnar ef þeir vilja námskeið á netfang [samtok.heilsuskola@gmail.com](mailto:samtok.heilsuskola@gmail.com).
  - Næringarstefna og Matseðlar- Skólar ehf. vilja afhenda samtökunum formlega næringarstefnuna og matseðla í lok ágúst – september, stjórnin leggur til að Berglind haldi utan um allt sem viðkemur næringarstefnunni. Vinsamlegast sendið ábendingar um Næringarstefnuna og matseðla og fyrirspurnir til næringarfræðings á netfang stjórnar [samtok.heilsuskola@gmail.com](mailto:samtok.heilsuskola@gmail.com).
  - Ráðstefna- umræða um ráðstefnu verður tekin fyrir á næsta stjórnarfundi.
  - Heimasíða Heilsustefnunnar- umræða var um heimasíðu Heilsustefnunnar.
  - Fánar og skjöldur- fánar og skyldir eru komin í pöntun – Stjórn Samtaka ætlar að eiga auka eintök ef fleiri vilja panta. Væntanlega verður pöntunin tilbúin í ágúst.
  - Næsti fundur- verður 23. ágúst, 2017